

Faghópur leikskólaliða - ársfundur

Faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttarfélagi hélt ársfund sinn mánudaginn 7.apríl 2014.

Fundurinn var haldinn í húsnæði Eflingar Sætúni 1 og hófst kl. 20:00

Dagskrá fundarins var venjuleg ársfundarstörf, skýrsla stjórnar, kosning stjórnar. Eypór Eðvarðsson hélt fyrirlesturinn "Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti,, Önnur mál.

Faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt sjöunda starfsár og hefur leikskólaliðum hjá Eflingu fjölgað stöðugt á þessum tíma. Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir ársskýrslu leikskólaliða en síðasti ársfundur var haldinn 15. apríl 2013.

Kosning stjórnar fór fram þar sem Aðalbjörg Jóhannesdóttir og Harpa Ásgeirsdóttir buðu sig aftur fram til tveggja ára. Það voru engin mótframboð því var þetta samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Sigurrós Kristinsdóttir er svo áfram tengiliður okkar við Eflingu.

Eypór Eðvarðsson hélt fyrirlesturinn " Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti,, hann starfar hjá þekkingarmiðlun ehf og er með M.A. í vinnusálfræði. Samstarf á vinnustöðum ætti auðvitað að geta gengið frábærlega því allir vilja að samskipti séu góð, að verk séu vel og rétt unnin, vera stoltir af eigin verkum og svo framvegis. En það er ekkert sjálfgefið sterkar yfirlýsingar, tilfinningar og ætlanir gefa vísbendingu um að oft fari samstarf á annan veg en ætlað er. Ef samstarf á að ganga vel á vinnustöðum þarf að yfirstíga ýmsa Þröskulda eins og það þarf að ríkja traust á milli manna, fólk má ekki vera hrætt við að tjá sig þegar ágreiningur kemur upp, og það verður að ríkja samstaða á vinnustað. Fólk þarf að vera tilbúið að bera ábyrgð á sínu starfi, svo þurfum við að hafa metnað fyrir því sem við erum að gera. Einnig þurfum við að vera opin fyrir rökum og rökræðum og að vera næm fyrir umhverfi okkar, sveigjanleg og samheldin. Hamingjufræðin er á mikilli uppleið og þar er m.a. spurt hver ber ábyrgð á hamingjunni. Er það ég, yfirmaðurinn, skuldirnar, kreppan eða kokkurinn? Kannski er einhverjum öðrum ætlað að smíða okkar gæfu.(Sagan góða frá engilinum um himnaríki og helvíti á einnig við þagar rætt er um gott samstarf.

Önnur mál: Rósa kynnti námsleiðir í Mímir símentun.

Fjöldi gesta var 36

Fræðslufundur 30. október 2013.

Faghópur félagsliða og faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttarfélagi héldu sameiginlegan fræðslufund þann 30. október 2013. Fundurinn var haldinn í fræðslusetri Eflingar, Sætúni 1, 4. hæð.

Sigurður Bessason fór yfir stöðu kjaramála en samningar eru lausir 1. febrúar 2014. Hann taldi rétt að það yrðu gerðir stuttir samningar til 8-12 mánaða vegna þeirrar

miklu óvissu sem væri framundan. Sigurður lýsti yfir óánægju með að Reykjavíkurborg færi fram með hækkunir á þjónustu sem hún veitir eins og hækkun leikskólagjalda, skólamáltíða og gjalda hjá ÍTR. Þessari hækkunir bitni mest á ungu fólki og öryrkjum sem eru að reyna láta endum ná saman. Það skjóti skökku við þegar ráðamenn þjóðarinnar fara fram á að kjarasamningum verði stillt í hof svo að verðbólga fari ekki af stað. Er ekki verið að hella bensíni á eldinn með þessari framkomu ? spyr hann.

Sigríður Klingenberg fór á kostum eins og búast mátti við af henni. Hún var frábær og hélt uppi góðri stemmingu í hópnum. Hún bauð bækur sínar til sölu og áritaði fyrir þá sem vildu það.

Fjöldi gesta var 85 þar af voru 32 félagsliðar og 52 leikskólaliðar.